

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Kárhóls í Reykjadal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. apríl 2015 tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls í Reykjadal. Deiliskipulagssvæðið er 15,2 ha að stærð og þar verður starfrækt alþjóðleg rannsóknarstöð sem vinna mun að almennum vísindarannsóknum auk þess sem rannsökuð verða efri hvolf lofthjúps jarðar, m.a. norðurljós. Einnig er áætlað að reka þar gestastofu fyrir almenning til kynninga og upplýsinga um eðli norðurljósa. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýbyggingu á þremur hæðum allt að 800 m² að stærð auk þess sem settir eru byggingarskilmálar fyrir allar byggingar á skipulagssvæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 10. júní 2015.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2015